

Atvinnublaðið

Morgunblaðið [mbl.is](#) FINNAQ

atvinna@mbl.is • Sölufulltrúi • Berglind Guðrún Bergmann, berglindb@mbl.is, 569 1246

Hjá okkur er framtíðin gagnadrifin

Liðsfélagi í gagnateymi

Við hjá Landsneti trúum því að gögn séu lykillinn að snjallara og sjálfbærara raforkukerfi. Gagnadrifin framtíð sem byggir á rauntímavöktun og greiningum gagna eykur skilvirkni og auðveldar okkur að taka upplýstari ákvarðanir fyrir framtíð raforkukerfisins.

Þess vegna leitum við að nýjum liðsfélaga í gagnateymið okkar sem hefur það hlutverk að þróa gagnadrifna framtíð fyrirtækisins. Teymið hefur það að markmiði að auka sjálfvirkni í störfum og bæta gagnadrifna þjónustu byggða á sögulegum og rauntímaupplýsingum fyrir innri og ytri starfsemi Landsnets.

Helstu verkefni

- Vinna í rekstri og þróun á gagnagrunnum, vörhúsum og rauntímagagnavinnum.
- Greiningar, hönnun og útfærsla á gagnadrifnum lausnum.
- Virk þátttaka í þróun á gagnastefnu Landsnets.
- Stýring og forgangsröðun verkefna.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Nám eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Þekking í gagnagrunnsforritun og gagnavinnum.
- Góð samskiptafærni og geta til að vinna í teymi.
- Hæfni til að forgangsráða og skipuleggja verkefni.
- Reynsla af því að stýra verkefnum er lúta að hagnýtingu gagna.

Umsóknarfrestur er til og með 2. júní nk. Sótt er um störfin á [landsnet.is](#).

Við hvetjum öll áhugasöm til að sækja um óháð uppruna, aldri eða kyni. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem þú segir okkur af hverju þig langar til að bætast í hópinn. Nánari upplýsingar veitir Jason Már Bergsteinsson, mannauðssérfræðingur, í gegnum netfangið mannaudur@landsnet.is. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Við erum lykilinnviður þjóðarinnar og allt okkar starf snýst um að miðla orku sem drifur áfram lífsgæði og sköpunarkraft samfélagsins til framtíðar. Við leggjum áherslu á virðingu, samvinnu og ábyrgð. Við erum framsækið þekkingarfyrirtæki sem býður kraftmiklu starfsfólki spennandi verkefni við aðstæður þar sem umhyggja, jafnrétti og öryggi eru í fyrirrúmi.

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

LANDSNET

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

FULLTRÚI HJÁ ADVEL LÖGMÖNNUM

ADVEL lögmenn óska eftir að ráða til starfa löglærðan fulltrúa til að sinna fjölbreyttum verkefnum fyrir viðskiptavini stofunnar.

Helstu verkefni:

- Almenn lögfræðiráðgjöf á starfssviðum stofunnar með áherslu á fjármuna-, félaga- og skattarétt.
- Samninga- og skjalagerð.
- Samskipti við viðskiptavini.
- Málflutningur, eftir atvikum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í lögfræði.
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Vönduð og sjálfstæð vinnubrögð.

ADVEL lögmenn hafa um árabíl sérhæft sig í lögfræðiráðgjöf til fyrirtækja og opinberra aðila og sinnir afar fjölbreyttum verkefnum. Hjá okkur starfar áhugasamt og sérhæft kunnáttufólk í krefjandi en hvetjandi starfsumhverfi. Við leggjum áherslu á að skapa áhugaverðan og sveigjanlegan vinnustað þar sem allir geti notið sín.

Nánari upplýsingar veitir Vilborg Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri, netfang vilborg@advel.is, sími 520-2050.



ADVEL

Umsóknir skulu berast á jobs.50skills.com/advel. Umsóknarfrestur er til og með 26. maí 2024. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Hjúkrunarfræðingar á heilsugæslu



Viltu slást í hópinn og taka þátt í spennandi uppbyggingu?

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) veitir íbúum Suðurnesja fyrsta- og annars stigs heilbrigðisþjónustu. Á HSS eru þrjú svið; heilsugæslusvið, sjúkrasvið og hjúkrunarsvið. Framundan er víðtæk uppbygging á stofnuninni, endurskoðun á þjónustuferlum sem og stefnu stofnunarinnar byggðri á Heilbrigðisstefnu til ársins 2030.

Óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðinga til starfa og vera í hópi fagaðila og styrkja öfluga teymisvinnu sem bætir þjónustu við skjólstæðinga heilsugæslunnar.

Leitað er eftir áhugasömum einstaklingum með frumkvæði, faglegan metnað og jákvætt hugarfar til að taka þátt í uppbyggingu stofnunarinnar. Á HSS er lögð áhersla á góða samvinnu, stuttar boðleiðir og góðan starfsanda.

Helstu verkefni og ábyrgð

Unnið er á grundvelli þverfaglegs samstarfs sérfræðinga og áhersla lögð á teymisvinnu og samþætta þjónustu. Hjúkrunarfræðingar starfa samkvæmt lögum og reglugerðum um heilbrigðisstarfsmenn, siðareglum og markmiðum hjúkrunar og deildarinnar.

Hæfniskröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Faglegur metnaður
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvætt og hlýtt viðmót
- Gott vald á íslensku bæði í ræðu og riti.
- Starfsreynsla er kostur

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hafa gert.

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi, ef við á. Ákvörðun um ráðningu byggist á innsendum gögnum og/eða umsögnum. Tekið er mið af jafnréttisstefnu HSS við ráðningar á stofnunina. Öllum umsóknum verður svarað um leið og ráðið hefur verið í starfið. Umsókn gildir í 6 mánuði.

Starfsstöð er í Reykjanesbæ. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sinnir þjónustu í einu fjölmennasta heilbrigðisumdæmi á landinu, um 30.000 manns.

Starfshlutfall er 80-100%.

Umsóknarfrestur er til og með 03.06.2024

Nánari upplýsingar veita

Andrea Klara Hauksdóttir,
andrea.k.hauksdottir@hss.is, sími 422 0500
Alma María Rögnvaldsdóttir,
alma.m.rognvaldsdottir@hss.is, sími 422 0500



Við leiðum fólk saman



FMOS

Framhaldsskólinn
í Mosfellsbæ

Aðstoðar- skólameistari

Laus er til umsóknar staða aðstoðarskólameistara við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ.

Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara og vinnur með honum við daglega stjórn og rekstur skólans. Nánari starfslýsingu aðstoðarskólameistara má sjá á vef skólans: <https://www.fmos.is/is/skolinn/folkid/starfslýsingar/adstodarskolameistari>

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, þarf umsækjandi um stjórnunarstarf í framhaldsskóla að hafa starfsheitið framhaldsskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi.

Staða aðstoðarskólameistara er 100% stöðuhlutfall og ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2024. Laun greiðast samkvæmt stofnanasamningi skólans.

Leitað er að starfsmanni sem hefur frumkvæði, er leikinn í mannlegum samskiptum, sjálfstæður í vinnubrögðum og vinnur vel í teymi. Æskilegt er að umsækjandi hafi þekkingu eða reynslu af mannauðsmálum.

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu hafa borist Valgarði Má Jakobssyni skólameistara í netfangið valgard@fmos.is í síðasta lagi 24. maí 2024.

Skólameistari

Forstöðumaður upplýsingatækni



Brim leitar að framsæknum og reynslumiklum upplýsingatæknistjórnanda til að leiða umbreytingar á tækni-umhverfi. Þessi staða felur í sér stýringu á lykilorðum í upplýsingatækni og samvinnu við helstu birgja til að tryggja árangursríkan rekstur.

Starfsumhverfið er ögrandi og býður upp á einstök tækifæri til að hafa áhrif á rekstrar- og viðskiptapróun fyrirtækisins. Náð samstarf við fjármálastjóra og stjórnendateymið er lykilorði í starfinu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á heildarstýringu ytri birgja og samningum varðandi upplýsingatækni, m.a. hýsingu og rekstur upplýsingatækniþjónustu.
- Forysta í verkefnum sem tengjast þróun og innleiðingu sjálfvirknivæðingu og skýjatækni.
- Stýring verkefna sem varða innleiðingu og uppfærslu á fjárhagskerfum
- Að stuðla að samfelli og samþættingu á milli tæknilegra, viðskiptalegra og fjárhagslegra þátta, með það að markmiði að hámarka afköst og árangur fyrirtækisins.
- Upplýsingaöryggi, gæði og rekstraröryggi upplýsingakerfa.
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Framúrskarandi samskiptafærni og geta sýnt fram á hæfni í að leiða breytingar og framþróun á sviði upplýsingatækni.
- Geta sýnt fram á leiðtogahæfni í tæknistjórnun og verkefnastýringu.
- Víðtæk þekking og reynsla af fjárhagskerfum, einkum Navision/Business Central er æskileg sem og þekking á Microsoft 365 og skýjalausnum.
- Geta til að skilja og greina flókin viðfangsefni, og umbreyta tæknilegum lausnum í viðskiptalegan árangur.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til og með fimmtudagsins 23. maí.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir, Inga Jóna Friðgeirsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, ingajona@brim.is eða Kristjana B. Magnúsdóttir, verkefnastjóri mannauðsmála, kristjana@brim.is

Aðeins er tekið við umsóknum í gegnum umsóknavef Brims: <https://brim.umsokn.is/>

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Fjármála- og skrifstofustjóri

Sveitarfélagið Stykkishólmur leitar að kraftmiklum fjármála- og skrifstofustjóra með mikla samskiptafærni. Viðkomandi þarf að vera skipulagður, vandaður í vinnubrögðum ásamt því að hafa ríkan vilja til að taka þátt í að efla innra og ytra starf og þjónustu sveitarfélagsins.

Fjármála- og skrifstofustjóri stýrir fjármálum sveitarfélagsins og er yfirmaður á bæjar-skrifstofu. Starfið er mjög fjölbreytt og tekur skrifstofu- og fjármálastjóri virkan þátt í stjórnun og stefnumótun sveitarfélagsins ásamt því að leiða margþætt verkefni er varða stjórnsýslu og fjármál á tímum framfara og þróunar.

Skrifstofu- og fjármálastjóri er staðgengill bæjarstjóra.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Fagleg forysta og verkstjórn daglegra verkefna bæjar-skrifstofu.
- Yfirmaður fjármála og ábyrgð á umsýslu fjármála og bókhalds.
- Umsjón með fjárhagsáætlanagerð, frávikagreiningum, fjárhagslegum úttektum og kostnaðareftirliti sem og yfirferð samþykkrá reglna sveitarfélagsins og gjaldskrára.
- Ábyrgð á vinnu við ársreikninga og gerð rekstrar-, launa-, starfs-, og fjárhagsáætlana, ásamt eftirliti með framgangi þeirra.
- Þátttaka í stefnumótun og nýsköpun á sviði fjármála og fjárreiða.
- Aðstoð við undirbúning fundna og viðvera á bæjarráðs- og bæjarstjórnarfundum, umsýsla og ritun fundargerða og eftirfylgni með ýmsum málum.
- Yfirumsjón með mannauðs- og kjaramálum í samvinnu með mannauðs- og launafulltrúa, þ.m.t. upplýsingagjöf til starfsmanna og stjórnenda vegna launamála, samninga og verklagsreglna, og samskipti vegna kjarasamninga og túlkun á þeim.
- Ábyrgð á innkaupum, aðkoma að samningagerð og önnur fjármálatengd verkefni.
- Yfirumsjón með skjalavörslu sveitarfélagsins og stofnana þess.
- Samskipti við forstöðumenn og íbúa vegna erinda er snúa að fjármálum og annari þjónustu bæjarfélagsins, ásamt samskiptum við ýmsa opinbera aðila.
- Ábyrgð á stjórnsýslu, þróunarstarfi og nýsköpun í stjórnsýslu.
- Staðgengill bæjarstjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði viðskipta- eða hagfræði.
- Þekking og farsæl reynsla af fjármálastjórn og rekstri, þ.m.t. áætlanagerð.
- Farsæl reynsla af stjórnun.
- Yfirgripsmikil þekking á málefnum sveitarfélaga og reynsla á opinberri stjórnsýslu.
- Mjög góð þekking á reikningshaldi, uppgjörum og áætlanagerð.
- Haldgóð reynsla af sambærilegu starfi.
- Góð tölvukunnátta
- Kunnátta í Navision bókhaldskerfum er kostur.
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði, skipulagshæfileikar og drifkraftur í starfi.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og góð félagsleg færni.
- Samviskusemi og nákvæmni í starfi,
- Góð hæfni í íslensku og ensku í ræðu og riti.

Með umsókn skal fylgja greinargóð starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 1. júní 2024. Eingöngu er hægt að sækja um starfið í gegnum ráðningarvefinn alfred.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir: Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri, jakob@stykkisholmur.is, s. 433 8100.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sveitarfélagið Stykkishólmur er á norðanverðu Snæfellsnesi og dregur nafn sitt af þéttbýlinu Stykkishólmi sem stendur við Breiðafjörð og er rómað fyrir einstaklega fallett bæjarstæði. Um 1.330 manns búa í sveitarfélaginu sem er innan við tveggja klukkustunda akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Þjónustustig er gott í Stykkishólmi og státar bæjarfélagið af ríkulegu íþrótt- og tómstundastarfi fyrir fólk á öllum aldri og rötgrónum mennta- og menningarstofnunum. Alla helstu grunnþjónustu er að finna á svæðinu, m.a. leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla, öflugt íþróttastarf, heilsugæslu, bókasafn, lágvörðverslun og margt fleira. Þá eru atvinnuvegir fjölbreyttir og samfélagið fjölskylduvænt. Blómleg ferðaþjónusta býður ótal skemmtilega afþreyingarmöguleika fyrir heimafólk sem og gesti. Í sveitarfélaginu er fjölskrúðug og falleg náttúra og gott mannlíf. Það eru spennandi tímar og mikil uppbygging framundan í sveitarfélaginu. Aðstaða er fyrir störf óháð staðsetningu, t.d. fyrir maka.

PRENTSMÍÐUR ÓSKAST

Óskum eftir að ráða prentsmið í umbrot og tölvuvinnslu. Þekking á helstu forritum í prentiðnaði nauðsynlegur. Upplýsingar gefur Erlingur í síma 897 6848 eða á erlingur@litrof.is



Löggiltur fasteignasali

Rótgróin fasteignasala á höfuðborgarsvæðinu óskar að ráða löggiltan fasteignasala til starfa við sölumennsku og skjalagerð. Góð vinnuástanda í boði.

Áhugasamir sendi umsókn
á box@mbl.is merkt F3759
fyrir 25. maí nk.

mbl.is - Færir þér fréttirnar

Atvinna

Fáðu meira út úr þinni
atvinnuauglýsingu!



Atvinnublað Morgunblaðsins kemur út **tvisvar í viku**. Á fimmtudögum í aldreifingu og í laugardagsblaðinu.

Þær birtast líka á atvinnuvef mbl.is og á finna.is. Aðeins er greitt eitt verð.

Fjórir snertifletir – eitt verð!

1

Morgunblaðið
fimmtudaga

2

Morgunblaðið
laugardaga

3

mbl.is
atvinna

4

finna.is
atvinna

110.000 manns, á aldrinum 18 til 80 ára, sjá Atvinnublað Morgunblaðsins í viku hverri (fimmtudag og laugardag).*

Mbl.is er með 2,2 milljón flettinga á dag og 15,4 milljón flettinga á viku.**

*Prentmiðlakönnun Gallup Q2 2023
**Topplisti Gallup í ágúst 2023



Morgunblaðið mbl.is FINNAQ



Yfirlæknir heilsugæslu á Ísafirði

Við leitum að drifandi einstaklingi til að sinna starfi yfirlæknis heilsugæslu á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Um er að ræða 100% ótímabundið starf á spennandi vettvangi sem er bæði ábyrgðamikil og krefjandi.

Yfirlæknir stýrir daglegum rekstri heilsugæslunnar á Ísafirði, þar sem aðalstarfsstöð er, og ber faglega ábyrgð á heilsugæsluþjónustu allrar stofnunarinnar. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri lækninga.

Á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða starfa um 270 manns sem veita almenna heilbrigðisþjónustu á heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. Heilsugæslustöðvar eru á Ísafirði og Patreksfirði og heilsugæslusel í öllum byggðakjörnum heilbrigðisumdæmisins. Nánari upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar má finna á vef stofnunarinnar (www.hvest.is).

Boðið er upp á góða aðlögun í upphafi starfs og aðstoð við öflun húsnæðis.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Yfirumsjón með daglegri starfsemi heilsugæslu á Ísafirði
- Fagleg ábyrgð á heilsugæsluþjónustu allrar stofnunarinnar
- Mannaforráð með læknum á heilsugæslu á Ísafirði, þ.m.t. verk tökum

- Umsjón með námi læknanema, kandiðata og sérnámslækna
- Almenn störf heimilislæknis ásamt vinnu á öðrum deildum stofnunar eftir samkomulagi
- Áætlanagerð, umbætur og þróun starfsemi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Íslenskt lækningaleyfi og sérfræðileyfi í heimilislækningum
- Framúrskarandi samskiptafærni og góð leiðtogaferni
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Skipulagshæfni, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Drifkraftur og árangursmiðað viðhorf
- Reynsla og áhugi til samstarfs við aðrar starfsstéttir og þátttaka í teymisvinnu

Fríðindi í starfi

- Húsnæðisstyrkur

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Læknafélag Íslands hafa gert.

Nánari upplýsingar veitir Súsanna Björg Ástvaldsdóttir (susannaba@hvest.is | 450 4500)

Sækja má um starfið á heimasíðu hvest.is eða í gegnum starfatorg.is



FJÖLMIÐLANEFND

Lögfræðingur hjá Fjölmiðlanefnd

Ertu að velta fyrir þér hvernig upplýsingar dreifast og samspili fjölmiðla og samfélagsmiðla? Hefur þú tekið eftir öllum þeim breytingum sem orðið hafa á því hvernig almenningur myndar sér skoðun með tilkomu nýrra miðla og tæknibreytinga?

Fjölmiðlanefnd óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa. Fjölmiðlanefnd er sjálfstæð stjórnáskrifunefnd sem annast eftirlit með lögum um fjölmiðla nr. 38/2011, eftirlit með lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannáþágu nr. 23/2013 og eftirlit með lögum um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum nr. 62/2006 og annast daglega stjórnáskrifunum á því sviði.

Starfssvið:

- Almenn lögfræðistörf
- Þátttaka í stefnumörkun
- Samskipti við stjórnáskrifunum
- Þátttaka í norrænu og evrópsku samstarfi

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kandidats- eða meistaraþróf í lögfræði er skilyrði (hafa lokið 5 ára laganámi)
- Mjög gott vald á íslensku og færni til að rita vandaðan texta er skilyrði
- Þekking á sviði stjórnáskrifur og starfsreynsla innan stjórnáskrifunum er æskileg
- Þekking og reynsla á sviði fjölmiðlaréttar er æskileg
- Góð enskukunnátta er skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli er æskileg

- Rík áhersla er lögð á styrkleika í samvinnu og samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæði, nákvæmni og ögun í vinnubrögðum

Frekari upplýsingar um starfið:

Um starfskjör starfsmanna fjölmiðlanefndar fer eftir gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Stéttarfélag lögfræðinga hefur gert. Um er að ræða krefjandi og áhugavert starf sem reynir á lögfræðilega getu og kunnáttu. Í boði er starf í síbreytilegu og spennandi umhverfi.

Áskilið er að umsóknir og fylgigögn berist rafrænt á netfangið postur@fjolmidlanefnd.is. Með umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt prófskrifteini og kynningarbréf þar sem umsækjandi rökstyður hæfni sína í starfið. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni eru hvattir til að sækja um starfið. Umsóknir gilda í allt að sex mánuði.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfshlutfall er 100%.

Nánari upplýsingar veitir:

Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri í síma 415 0415 og elfa@fjolmidlanefnd.is

Umsóknarfrestur er til og með 30. maí 2024.



intellecta.is

RÁÐNINGAR



intellecta

Waldorfskólinn Sólstafir í Reykjavík Óskum að ráða kennara til starfa fyrir skólaárið 2024-2025



Waldorfskólinn Sólstafir er sjálfstætt rekinn grunnskóli sem starfar eftir aðferðafræði þar sem skapandi og heildrænnir kennsluhættir eru hafðir að leiðarljósi.

Við leitum að metnaðarfullum kennurum sem hafa áhuga á mannrækt í framsæknu skólaumhverfi.

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af starfi innan Waldorfskóla og að viðkomandi hafi áhuga á að afla sér frekari þekkingar/menntunar til að starfa í anda skólastefunnar.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari
- Faglegur metnaður og frumkvæði í starfi
- Reynsla og áhugi á að starfa með börnum
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Eftirfarandi stöður eru lausar til umsóknar við skólann fyrir skólaárið 2024-2025:

Staða raungreinakennara á unglingsstigi, 100% staða.

Staða bekkjarkennara á yngsta stigi, 100% staða.

Störf þessi eru jafnt í boði fyrir konur og karla.

Umsóknarfrestur er til 1. júní nk.

Nánari upplýsingar um störfín eru veittar hjá skólanum solstafir@waldorf.is og í síma 577 1110.

Upplýsingar um skólastarfið er að finna á heimasíðu skólans www.waldorf.is

BÚUM
BETUR

Smíðahópar í klæðningar

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. óskar eftir smíðahópum til að takast á við spennandi verkefni. Annað hvort í uppstillingu eða verktöku. Störfín eru í utanhússklæðningum.

Bygg hf. hefur mörg verkefni í farvatninu á stórhöfuðborgarsvæðinu og býður upp á framtíðarstörf hjá traustu fyrirtæki með mikla reynslu.

Við leggjum mikla áherslu á öryggi á vinnustað og búum yfir samheldnum starfsmannahópi sem starfar af fagmennsku og metnaði.

Sótt er um störfín á:
www.alfred.is

Nánari upplýsingar veitir Elva Dögg Pálsdóttir mannauðsstjóri:

elva@bygg.is

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Utanhússklæðningar
- Almenn smíðastörf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf í húsmiði
- Handlagi og verkvit
- Frumkvæði, fagmennska og sjálfstæði í vinnubrögðum

Við hvetjum alla óháð kyni til þess að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Hjá fyrirtækinu starfa um 160 manns og fjöldi undirverktaka. Hjá fyrirtækinu er virkt starfsmannafélag. Bygg er þekkt fyrir traust og örugg vinnubrögð, vandaðan frágang og efndir á umsömdu afhendingartíma.

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., var stofnað árið 1984 og hefur fengið fjölda viðurkenninga fyrir fallega hönnuð hús og frágang lóða. Bygg hefur byggt um 4.000 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu sem og tugþúsundir fermetra af atvinnuhúsnæði.



JAFNLAUNAVOTTUN
2021-2024



Framúrskarandi
fyrirtæki

Útfararstjóri

Útfararstofa Kirkjugarðanna óskar eftir að ráða starfsmann í útfararþjónustu.

Helstu verkefni

- Almenn þjónusta við ástvini vegna andláts
- Flutningur af dánarstað í líkhús
- Kistulagning hins látna
- Þjónusta við útfararathafnir
- Önnur verkefni tengd útfararþjónustu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af þjónustustarfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvætt viðmót og rík þjónustulund
- Frumkvæði, nákvæmni, samvirkusemi og öguð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Hreint sakavottorð



Útfararstofan er sjálfstætt og framsækið þekkingarfyrirtæki í eigu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Hjá fyrirtækinu starfar öflugt teymi reynslumikils fagfólks.

Upplýsingar um Útfararstofuna má finna á utfor.is



Sótt er um starfið
á hagvangur.is

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Umsóknarfrestur er til og með **21. maí nk.**

Nánari upplýsingar veitir Inga S. Arnardóttir, inga@hagvangur.is.

Framkvæmdastjóri

Kuehne+Nagel Íslandi | Thorlakshofn | req114220

KUEHNE+NAGEL 



Komdu og vertu með Kuehne+Nagel á Íslandi, þar sem kunnátta mætir nýsköpun í hinum hraða heimi viðskipta og vinnuafls.

Sem forstöðuaðili Kuehne+Nagel á Íslandi muntu stýra aðgerðum og stefnumótun, auk þess að sjá til þess að rekstrarárangur náist og viðskipti blómstri. Þú verður við stjórnvölinn við að finna nýjar lausnir, skapa umhverfi sem eflir nýjungar og stýra fyrirtækinu í átt að fjárhagslegum gróða þar sem reksturinn fær að vaxa.

Helstu verkefni

- Stefnumótandi forysta: Stjórnaðu framkvæmdum á Íslandi og stefndu að því að gera Kuehne+Nagel að leiðandi afli í flutningsþjónustu á landinu.
- Framúrskarandi rekstur: Bættu framleiðslu og gæði þjónustu fyrirtækisins í samræmi við lög og reglur. Tryggðu að viðskiptavinir fá hágæða þjónustu og að viðskipti gangi eins og skyldi.
- Viðskiptaþróun: Þróaðu góð sambönd við viðskiptavinir, og tryggðu að samstarf við núverandi og nýja samstarfsaðila blómstri. Skapaðu nýjar viðskiptahugmyndir og áherslu á vaxandi viðskipti.
- Straumlínulöguð stefna: Samræmdu stefnu og vinnu fyrirtækisins í samræmi við stjórn Kuehne+Nagel. Tryggðu að áhersla sé lögð á nýsköpun og framkvæmdaþróun.
- Samvinna: Byggðu upp tækninýjungar og rafrænar lausnir sem henta markaðinum á Íslandi, með það að markmiði að bæta viðskiptaferla og öðlast betri innsýn í þarfir viðskiptavina.
- Uppbygging: Stofnaðu og stjórnaðu deildum og þjónustu til að uppfylla þarfir helstu viðskiptavina.
- Fjárhagslegt eftirlit: Haltu skýrum fjárhagsáætlunum, leitaðu eftir söluleiðum og stefndu að því að ná fjárhagslegum markmiðum. Tryggðu gæði kerfanna.

Hæfniskröfur

- Forystureynsla: Þú þarft að hafa að minnsta kosti 5 ára reynslu í stjórnunarstöðu, með sérþekkingu á að þróa og innleiða nýjar viðskiptahugmyndir.
- Samskipti: Góð samskiptahæfni, bæði fyrir samstarfsmenn og hluthafa utan fyrirtækis.
- Viðskiptavit: Þú verður að hafa góðan skilning á flutningsþjónustu og aðstæðum á markaði, ásamt vilja til að taka þátt í tækninýjungum og lausnum.
- Samningahæfni: Þú verður að geta samið við hluthafa og vinna í samræmi við áætluð markmið og stefnur.
- Samstarf: Þú verður að hafa vilja til að byggja upp góð sambönd við starfsfólk og aðstoða þau við framgang.
- Lausnamiðun: Þú verður að vera með aðlögunarhæfni og vilja til að takast á við ýmiskonar aðstæður og vandamál með nýjum og skapandi leiðum.

Helstu kostir þess að verða hluti af Kuehne+Nagel

Þú verður hluti af leiðandi flutningafyrirtæki, upplifir innihaldsríkan vinnudag í alþjóðlegu umhverfi með möguleika á varanlegum tengslum og þróun. Hér munt þú vera hluti af fyrirtæki sem treystir á starfsfólki sitt, með margvíslegar framfarir í boði. Þú munt hitta áhugaverða vinnufélaga og eiga góð samtöl, með tækifæri til að læra frá þeim bestu í greininni.

Um KUEHNE+NAGEL

Með yfir 79.000 starfsmenn á 1.300 stöðum í yfir 100 löndum. Kuehne+Nagel Group er eitt af leiðandi flutningjafyrirtækjum heims.

Hafðu samband: Guðrún Johnson, gudrun.johnson@kuehne-nagel.com, Arne Faaberg, arne.faaberg@kuehne-nagel.com





Viltu vera með í afrekshópi?

Langar þig að móta framtíðina með okkur?

Snjallgögn, nýsköpunarfyrirtæki í hagnýtri gervigreind, er að byggja upp fjölbreytt draumateymi til að efla þróun á gervigreindarlausnum og styðja við ört vaxandi hóp viðskiptavina.

Við auðveldum fyrirtækjum að hagnýta gervigreind til að bæta sölu, þjónustu og aðra þætti daglegs rekstrar, þannig að þau geti nýtt sér tækifærin sem felast í fjórðu iðnbýltingunni. Tækni, reynsla og þekking Snjallgagna gegnir nú þegar lykilhlutverki á ýmsum sviðum atvinnulífsins.



Máltækniþróttari (NLP) - AI/NLP Developer

Reykjavík / Fjarvinna - Fullt starf

Starfssvið

- Hönnun og innleiðing NLP kerfa með nýjustu tækni, þar á meðal öflugar framleiðslulínur (e. production pipelines) og innleiðingarumhverfi í samvinnu við teymi forritara og gagnasérfræðinga.
- Þróa frumgerðir lausna og þroska yfir í fullbúnar þjónustur, með ábyrgð á bæði virkni og aðlögun forritaskila til að bæta gervigreindarlausnir.
- Símat og bestun á virkni líkana og kerfa til að halda þeim í fremstu röð í hagnýtingu gervigreindar, máltækni og vélnáms.

Hæfnikröfur

- Háskólapróf í tölvunarfræði, hugbúnaðarverkfræði, tölvuverkfræði eða öðrum verk og raunvísindagreinum.
- Hugmyndaauðgi við lausn vandamála, þekking á Python, og reynsla af lykilkodum í heimi gagnavísinda/NLP eins og Pandas, Scikit-learn, og SpaCy. Brennandi áhugi á nýjustu þróun í gervigreind og málvísindum.
- Hagnýt reynsla af hugbúnaðarþróun, þar með talin vinna með SQL og Git, ásamt skilningi á máltækni og tækniumhverfi vélnáms.
- Þekking á skýjaþjónustum eins og AWS og Azure, og helst færni í uppsetningu gagnaláta í umhverfi á borð við Docker eða Kubernetes.



Gagnaforritari / Gagnaverkfræðingur - Data Engineer

Reykjavík / Fjarvinna - Fullt starf

Starfssvið

- Hönnun, viðhald og þróun á nútímalegum gagnainnvíðum og gagnalíkönum.
- Hönnun, rekstur og þróun á gagnapípum og vinnslum.
- Náið samstarf við sérfræðinga í gagnavísindum, bakendaforritara og hagaðilla gagna.
- Eftirfylgni hágæða vinnubragða í meðhöndlun og öryggi gagna.

Hæfnikröfur

- Háskólapróf í tölvunarfræði, hugbúnaðarverkfræði, tölvuverkfræði eða öðrum verk- og raunvísindagreinum.
- Mikil þekking og reynsla í forritunarmálum og gagnatengdum tölum á borð við Python, Airflow og DBT.
- Reynsla af gagnavinnskeraum eins og Bytewax, grafagagnagrunnum eins og Neo4j og dálkahýstum kerfum eins og Clickhouse.
- Reynsla af góðri högun og stjórnun gagnagrunna til að hámarka árangur og öryggi í rekstri.



Sérfræðingur í gagnavísindum - Data Scientist

Reykjavík / Fjarvinna - Fullt starf

Starfssvið

- Hönnun, þróun og rekstur á tölfraði- og vélnámslíkönnum sem skila virði til hagaðilla.
- Úrvinnsla og greining á stórum gagnasöfnum til að styðja við gagnadrifna ákvarðanatöku.
- Hönnun, þróun og innleiðing á gagnadrifnum lausnum.
- Framsetning tölfraðilegra upplýsinga á skýran og hnitmiðaðan hátt.

Hæfnikröfur

- Háskólapróf í gagnavísindum, stærðfræði- og tölfraðigreinum, tölvunarfræði, verkfræði eða skyldum greinum.
- Þekking og reynsla af forritun í R og/eða Python, auk færni í notkun helstu gagnavísindapakka/NLP-pakka (t.d. pandas, tidyverse, scikit-learn, spaCy).
- Viðtæk þekking á tölfraði- og vélnámsaðferðum, reynsla af úrvinnslu gagna og hönnun greiningarlíkana, ásamt færni í Git og SQL.
- Kunnátta í notkun skýjaþjónusta (AWS, Google Cloud, Azure) og tækni á borð við Docker eða Kubernetes.

Hjá Snjallgögnum leggjum við áherslu á fjölbreytt og nútímalegt vinnuumhverfi þar sem mismunandi sjónarmið og bakgrunnar eru metnir að verðleikum.



For information in English please visit snjallgogn.is/jobs

Slástu í för með okkur og settu þitt mark á framtíðina.



Raðauglýsingar

Fundir/Mannfagnaðir

AÐALFUNDUR Félags lykilmanna – FLM

Aðalfundur Félags lykilmanna – FLM verður haldinn miðvikudaginn 29. maí nk., kl. 17:00 að Suðurlandsbraut 4a (4. hæð), Reykjavík.

Dagskrá:
Hefðbundin aðalfundarstörf.

Stjórn Félags lykilmanna

Tilboð/útboð



ÚTBOÐ

Skóla- og frístundaakstur 2024-2027 í Fjallabyggð

Fjallabyggð óskar eftir tilboðum í skóla- og frístundaakstur í Fjallabyggð samkvæmt útboðslýsingu.

Skóla- og frístundaakstur felst í reglulegum ferðum milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar með börn og unglunga vegna skóla- og frístundastarfs.

Reiknað er með 3.400 ferðum a.m.t. á ári sem gera um 57.800 km.

Á starfstíma grunnskólans þarf sætaframboð að vera 70 sæti en í sumarakstri 40 sæti.

Gerð er krafa um að öll sæti skólalífreiðar séu með **þriggjafestu mjaðmar- og axlarbelti**.

Reiknað er með að akstur á grundvelli útboðsins hefjist þann 20. ágúst 2024 og að gerður verði verksamningur um verkið til þriggja ára, til 19. ágúst 2027, með möguleika á framlengingu í eitt ár tvisvar sinnum.

Tilboðum skal skila rafrænt á netfangið **fjallabyggd@fjallabyggd.is** fyrir kl. 13:00 mánudaginn 24. júní 2024 og verða þau þá opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

Opnunarstaður tilboða: Ráðhús Fjallabyggðar, Gránugötu 24, 580 Siglufjörður.

Útboðsgögn eru afhent rafrænt frá og með 21. maí 2024 og skal óska eftir þeim í netfangið **rikey@fjallabyggd.is**

Allar nánari upplýsingar veitir Ríkey Sigurbjörnsdóttir deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála í gegnum netfangið **rikey@fjallabyggd.is** og Bragi Freyr Kristbjörnsson deildarstjóri stjórnsýslu og fjármála gegnum netfangið **bragi@fjallabyggd.is**

Tilkynningar



Umhverfismat framkvæmda Umhverfismatsskýrsla í kynningu

Stækkun Straumsvíkurhafnar, Hafnar- fjarðarbæ

Hafnarfjarðarbær hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats stækkunar Straumsvíkurhafnar, Hafnarfirði.

Kynning á umhverfismatsskýrslu: Umhverfismatsskýrslan er aðgengileg á Skipulagsgátt, www.skipulagsgatt.is og á vefsíðu stofnunarinnar: www.skipulag.is.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og veitt umsögn í gegnum Skipulagsgátt eigi síðar en til 30. júní 2024.



ÚTBOÐ

Dalvíkurbyggð óskar eftir tilboðum í endurbætur á Sundlaug Dalvíkur, Svarfaðarbraut 34.

Verkið felst í breytingum á laugarkari, flísalögn á sundlaug, pottum og vaðlaugum ásamt raflagna-vinnu.

Verktími er frá ágúst til október 2024.

Ósk um afhendingu rafrænna útboðsgagna skal senda á netfangið avh@avh.is og verða þau afhent frá og með þriðjudeginum 21. maí 2024.

Tilboð skulu berast rafrænt á netfangið avh@avh.is fyrir kl. 10:00 fimmtudaginn 27. júní og verða tilboðin opnuð kl. 11:00 sama dag hjá AVH í Kaupangi við Mýrarveg Akureyri í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska. Bjóðendum mun gefast kostur á að fylgjast með opnun tilboða á fjarfundi óski þeir þess.

Vantar þig fagmann? FINNA.is



FINNA
ÍSLENSK FYRIRTÆKI OG ÞJÓNUSTA

Smáauglýsingar

Garðar

SLÁTTUVÉLAVIDGERÐIR & SMÁVÉLAVIDGERÐIR

Öll almenn járnsmíði - Sláttuorð
Sláttutraktorar - Dælur -
Jarðvegsþjoppur Rafstöðvar -
Kerrusmíði - Sláttuorð
Keðjusagir - Hekklippur

Áratuga reynsla í viðgerðum á smávélum



SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA

Vélaverkstæði JS

Sími: 554 0661

Skemmuvegur 34 - 200 Kópavogur
Netfang: velaverkjs@simnet.is
Símar: 554 0661 - 897 4996 - 699 2502

Sumarhús



Sumarhús - Heilsárshús Gestahús - Breytingar

- Framleiðum stórglæsileg sumarhús/heilsárshús í ýmsum stærðum.
 - Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.
 - Smíðum gestahús - margar útfærslur.
 - Sjúam um almennt viðhald á sumarhúsum og sólpöllum.
 - Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi.
- Áratugareynsla -
endilega kynnið ykkur málið.
Trésmíðja Heimis, Þorlákshöfn,
sími 892-3742 og 483-3693,
www.tresmidjan.is

Byggingar

Byggingafyrirtæki getur bætt við sig verkum

- **Uppslátt** á húsum og sökklum.
 - **Þakendurbætur**, tek niður pantanir fyrir næsta ár 2024, geri tilboð í verk.
 - **Stálgrindarhús**, geri tilboð, er í samstarfi við innflutningsaðila.
 - **Sumarhús**, breytingar eða byggja nýtt hús, geri tilboð.
- Nánari upplýsingar** - Bjóssi smíður á google, s 893-5374
nybyggd@gmail.com

Ýmislegt

Sálarrannsóknarfélag Reykjavíkur

Síðumúla 31
588 6060 og 894 4014

Félagið býður uppá miðlæskingartíma fyrir félagsmenn og aðra. Ennfremur ráðgjöf um næmni og hugsanlega miðilshæfileika, söfnun dulrænna reynslusaga, ásókn o.fl. o.fl.

Hjá félaginu starfar m.a. **Þórhallur Guðmundsson miðill**. - Einnig er möguleiki á að fá einkatíma í gegnum síma hvert á land sem er, sem og erlendis.

Svörum í síma frá kl. 13-18
flesta daga ársins
SRFR.

Bílar



Lítið ekinn fjórhjóladrifinn Hyundai Ioniq 5.

73 kWh batteri. Hiti í sætum og stýri. Bakkmyndavél og fjarlægðartengdur hraðastillir.

Virkilega rúmgóður með góðu skottplássi.

Nývirði í umboði er um 8.900.000 kr. Verð: 6.190.000,-

Upplýsingar í síma 8993948.



Nissan e-NV200

7/2020 með 40 kWh stærri rafhlöðunni. Raundrægni um 220 km.

Hann er bara ekinn 14 þúsund km. og því algerlega ósittinn.

Sjálfskiptur 5 manna rafmagnsbíll sem hægt er að nota bæði í vinnuna og fyrir fjölskylduna.

Verð: 4.450.000,-



www.sparibill.is
Hátúni 6 A - sími 577 3344.
Opíð kl. 10-18 virka daga.

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupum bíla 23-250 þús.

Hringdu S. 615 1810
eða sendu sms og við höfum samband

Húsviðhald

Húsviðgerðir www.husco.is

Sími 555 1947
Gsm 894 0217

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK FLOTUN - SANDSPARSL MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum

Tímavinna eða tilboð

**Strúctor
byggingaþjónusta ehf.**
S. 893 6994

Málarar

Málarar

Tökum að okkur öll almenn málningarverkefni við erum faglærðir málar með mikla reynslu. Sangjarnir í verðum. Hafið samband í síma 782-4540 eða loggillturmalari@gmail.com

Útboð

Úrgangspjónusta fyrir Árborg

Consensa fyrir hönd sveitarfélagsins Árborg óskar eftir tilboðum í úrgangspjónustu samkvæmt skilmálum útboðslýsingar. Um er að ræða úrgangspjónustu sem er skipt upp í fjóra skilgreinda þjónustubætti eins og þeir eru skilgreindir samkvæmt skilmálum útboðslýsingar.

Hægt er að sækja öll útboðsgögn án greiðslu á útboðsvefnum www.tendsign.is

Tilboðum skal skilað með rafrænum hætti á útboðsvef eigi síðar en kl. 12:00 þann 18. júní 2024.

Nánari upplýsingar má finna á www.consensa.is/utbod/auglyst-utbod



Sveitarfélagið
ÁRBORG

CONSENSA

Morgunblaðið

AUGLÝSINGASÍMI 569 1100